



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.03.2016
Tilv. 21.9.1/HRO
JS/mþ

Málefni: Breyttur tími á upphafi grásleppuveiða


Vísað er til erindis ráðuneytisins, dagsett 14. mars 2016, varðandi seinkun grásleppuveiða á vissum svæðum. Í erindinu er vísað til þess að slík aðgerð gæti leitt til minnkandi meðafla við veiðarnar.

Í gögnum um meðafla við grásleppuveiðar kemur fram að mestur er meðaflinn í upphafi vertíðar og minnkar eftir því sem á líður. Meðfylgjandi mynd sýnir meðal þorskafla hvers báts vertíðirnar 2013 og 2014 eftir því hvenær þeir hófu grásleppuveiðar. Þar sést glögggt að þeir sem hófu veiðar fyrir 1. apríl (dagur 91) voru að meðaltali með mun meiri meðafla af þorski en þeir sem síðar hófu veiðar.

Hafrannsóknastofnun telur því að með því að seinka veiðum á grásleppu megi draga úr meðafla við veiðarnar og leggst stofnunin ekki gegn slíkum breytingum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,


Jóhann Sigurjónsson



Meðaltals þorskaflí við grásleppuveiðar vertíðarnar 2013 og 2014 eftir því hvenær árs fyrsta löndun grásleppubáta var skráð. Dagur 91 samsvarar 1. apríl bæði árin.